

## Léttur í lundu.

Léttur í lundu ég lagði af stað  
Heiðina, Ennið og renndi í hlað.  
Allt í fínu standi á Rifi og úti á Sandi.  
Ég held ég hafi aldrei lent á öðrum eins stað.

Gaman er að koma upp á Breið  
úldnar þar og rotnar óseld skreið.  
En soddan sómadrengur  
er Sæmi mýrarsprengur.  
Ég held ég hafi aldrei hitt hann annan eins.

Skondinn í skapi er  
Skúli ho, ho, ho, ho.  
Þótt útgerðin tapi  
svo o, ho, ho, ho, ho.  
Hann er kommi og kænn sem slíkur  
af kofum orðinn ríkur.  
Ég held að enginn hafi safnað öðru eins.

Gaman er að komast inn á þing  
og árum saman snúast þar í hring.  
Öllu illa hóta  
útaf þessu kvóta  
Svo Halldór hefur aldrei lent í öðru eins.

Já, útgerðin blómstrar vel á svona stað,  
Óli Rögga, hann kannast við það.  
Því fræðslu fékk hann glögga,  
hjá föður sínum Rögga  
og síðan hefur Óli reynt að gera alveg eins.

Gaman er að aka á Range Rover  
og reisa stóra villu handa sér.  
Já, býsn er Óli brattur  
og býsna hár hans skattur.  
Ég hel að fáar vikastúlkur borgi annað eins.

Texti Jón Hjartarson